

- 112 hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppsins kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

10. júlí **113 Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, um takmörkun verzlunarlóðarinnar að Gjögurum í Rauðasandshreppi.**

Með bréfi, dags. 28. apríl þ. á., hafið þér, herra sýslumaður, sent ráðuneytinu tillögu sýslunefndarinnar í Vestur-Barðastrandarsýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðarinnar að Gjögurum í Rauðasandshreppi ásamt uppdrætti að hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905 takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús að Gjögurum í Rauðasandshreppi, sett eftir framangreindum lögum og meðlögðum uppdrætti, svo sem hér segir:

1. Lóðin er við Gjögraból, þar sem sláturhús Sláturfélagsins Örlygur stendur.
2. Að norðvestan: Bein lína frá sjónum, um merki á bökkunum í Hreinlætissteini.
3. Að suðvestan: Bein lína frá Hreinlætissteini í merki í suðurhorni lóðarinnar.
4. Að suðaustan: Frá síðasttöldu merki í merki á bökkunum, bein lína til sjávar.
5. Að norðaustan: Sjórinn.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppsins kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

10. júlí **114 Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, um takmörkun verzlunarlóðarinnar á Sveinseyri í Tálknafjarðarhreppi.**

Með bréfi, dags. 28. apríl þ. á., hafið þér, herra sýslumaður, sent ráðuneytinu tillögu sýslunefndarinnar í Vestur-Barðastrandarsýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðarinnar á Sveinseyri í Tálknafjarðarhreppi ásamt uppdrætti að hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905 takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús á Sveinseyri í Tálknafjarðarhreppi sett eftir framangreindum lögum og meðlögðum uppdrætti, svo sem hér segir:

1. Lóðin er fyrir innan Sveinseyrarodda, þar sem vörugeymslu- og sláturhús Kaupfélags Tálknafjarðar stendur.
2. Að norðaustan: Neðri hliðstaur á heimreiðarvegi, bein lína í merki við sýkið.
3. Að austan: Sýkið til sjávar.
4. Að sunnan: Sjórinn.
5. Að norðvestan: Umgetinn hliðstaur, girðingin, bein lína yfir pollinn að steypustólpa, girðingin að öðrum steypustólpa og hornrétt á girðinguna til sjávar.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppsins kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.